

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 37/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/896 frá 28. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar evrópsk mats skjöl um skilveggjasamstæður sem eru ekki hluti af burðarvirki, kerfi sveigjanlegra og vatnspéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum, þunnar samsettar málmplötur, sveigjanlegar, holar smákúlur sem steypublanda, festibúnað fyrir þak og sjálfberandi, gagnsæjar þakeiningar sem eru klæddar plastplötum <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 1zzp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32019 D 0896:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/896 frá 28. maí 2019 (Stjtið. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 69).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 69.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram. (\*)

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.